

**Mál nr. 512/2011****M****og****V (váttryggingafélag)****v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs F****Skemmdir á tengivirki (götuskáp) við snjómokstur þann 15.11. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 16.12. 2011.
- 2) Bréf váttryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 02.01. 2012.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vinnuvél í eigu F vann við snjómokstur. Ekið var á umrætt tengivirki sem mun hafa verið á kafi í snjó sbr. fyrirliggjandi gögn.

Váttryggingafélagið hafnar bótskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

**Álit**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar váttryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að rekja með tjónsaurð máls þessa til aðgæsluleysis starfsmanna F. Ekki er unnt að líta svo á að M hafi mátt gera ráð fyrir því að tengivirki væri á þessum stað þar sem enga merkingu var að finna.

Ekki hefur verið sýnt fram á að ákvæði laga nr. 81/2003 um fjarskipti eigi við um tjónsatvik máls þessa.

**Niðurstaða.**

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. desember 2011

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.